



Hádegistilboð

LÍTIL PIZZA
af matseðli og 0,33 cl gos **1.000 KR.**

MIDSTÆRÐ
af matseðli og 0,33 cl gos **1.500 KR.**

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIÐISTORGI

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

- bls. 4-6
Viðtal við
Hans Kristján
Árnason

- bls. 15
KR-síðan

Lokadagur í Landakotsskóla

- margt bar til tíðinda á liðnum vetri



Þessa skemmtilegu mynd af útskriftarhópnum í Landakotsskóla er að finna á heimasíðu skólans. Í texta með myndinni segir að við í Landakotsskóla viljum óska öllum okkar nemendum og fjölskyldum þeirra gleðilegs sumars. Við hlökkum til að hitta nemendur aftur í haust og byrja nýtt skólaár.

Margt bar til tíðinda í skólanum á liðnum vetri. Meðal annars voru haldnir þemadagar þar sem farið var í vettvangsferðir í fyrirtæki, söfn og virkjanir. Nemendur útbjuggu dýr sem borðað höfðu plast og forrituðu mál þeirra, þau gerðu leikföng,

námsefni fyrir fimm ára og skrautmuni úr efnivið sem við fundum í náttúrunni, gerðu hugmyndir að umhverfisvænum leikvöllum, lærðu um útdauð dýr og áhrif mannsins á mörg þeirra, skoðuðu fuglalíf og áhrif mengunar á það, gerðu sandleiki um umhverfið, útbjuggu umhverfisvæn ílát sem má einnig borða, skoðuðu fiðrildi og umhverfi þeirra, plasteyjar í sjónum og svona mætti áfram lengi telja. Allir voru sammála um að dagarnir tókust vel, nemendur voru með frábærar hugmyndir og svo gefandi og skemmtilegt að vinna með þeim



Herdi's
Rauðarárstíg 41



Sysstrasamlagid

Óðinsgata 1 - Reykjavík
Sími: 511 6367

Erum á
Óðinsgötu 1

Mán. - fös.: 10 - 18.
Laugardagar: 11 - 16.

sjá nánar á www.facebook.com/Sysstrasamlagid
www.sysstrasamlagid.is



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Nú grillum við



Melabúðin
þín verslun



Sími 551-0224

Helgartilboð úr kjötborði!

**Fjallalambs lambalæri og hryggir,
lambaprime og íslenskur svínahnakki**

- helgina 21.-24. júní - meðan birgðir endast



Berjadagar



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

6. tbl. 21. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Hafnarsvæðið er matarkista

Umhverfi gömlu Reykjavíkurhafnar er orðin matarkista. Allt frá Hörpu að odda Örfiriseyjar eru veitingastaðir nánast hlið við hlið. Veitingastaðir af flestum stærðum og gerðum. Veitingastaðir sem leggja áherslu á aðþjóðlega matarmenningu, matarmeningu einstakra landa og staðir sem leggja sig eftir að skapa og þróa íslenska matarmenningu byggða á innlendu hráefni.

Um miðja liðna öld var veitingamenning nánast óþekkt hér á landi. Um 1980 var skrifað í blöð í Reykjavík að Miðborgin væri fáferðug að loknum vinnutíma og veitingastaðir þrífust ekki. Þá voru einkum finir staðir í tengslum við þau fáu hótél sem voru til, Sögu, Borg og Holt, og einstaka ódýrari staðir höfðu opnað en sumir áttu sér ekki langan lífaldur.

Íslendingar voru vanir að borða heima hjá sér og þekktu fátt annað. Þótt fólk væri farið að ferðast til annarra landa voru gjaldeytishöft lengi svo römm að ferðaskrifstofur sendu fólk til Spánar með matarmiða sem það gat afhent gegn mátiðum á tilteknum veitingasöðum og sumir tóku með sér nesti að heiman.

En nú er öldin önnur. Á tveimur áratugum hefur orðið gjörbreyting á matarmenningu þjóðarinnar og einkum á undanföllum fimm árum. Mikil fjölgun ferðamanna á sinn þátt í þessu en einnig áhugi Íslendinga sjálfra sem nú hafa kynnst matarmenningu margra framandi þjóða.

Matarmenningin er hluti af þeirri miklu uppbyggingu sem nú á sér stað á gamla hafnarsvæðinu. Hafnarsvæðið frá Austurhöfn til Örfiriseyjar er að verða eitt samfellt þjónustusvæði þar sem veitinga- og matarmenning blómgastar í sambýli við aðra margskonar atvinnu og þjónustustarfsemi. Hver hefði trúað þessu fyrir nokkrum áratugum.

Verið að endurgera Tryggvagötu

Framkvæmdir standa nú yfir við endurgerð Tryggvagötu frá Pósthússtræti að Lækjartorgi. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki í byrjun október og er bílaumferð beint um Geirsgötu á meðan. Þá eru einnig að hefjast framkvæmdir við Steinbryggju sem er sá kaffi Pósthússtrætis sem er á milli Tryggvagötu og Geirsgötu. Sú gata hefur verið lokað bílaumferð vegna framkvæmda á aðliggjandi byggingarreit. Einnig er að hefjast vinna við frágang nýrra göngugatna á byggingarreitnum sem fengið hafa heitin Kolagata og Tónagata. Bæjartorg, þar sem Bæjarins bestu hafa verið með söluskýli, verður einnig endurgert samtímis og fá Bæjarins bestu framtíðarstað á Bæjartorgi að framkvæmdum loknum.

Einnig er unnið að lokafrágangi á Kalkofnsvegi og Geirsgötu. Kalkofnsvegur verður tekinn í notkun í áföngum og nú hefur umferð verið hleypt á nýjan kafla, vestari akrein, frá Sæbraut að Geirsgötu. Þá hafa einnig verið virkjuð ný umferðarljós



Séð yfir Hafnarstræti og Tryggvagötu. Búið er að endurgera Hafnarstræti en nú standa framkvæmdir við endurgerð Tryggvagötu frá Pósthússtræti að Lækjargötu. Miklar breytingar eru að verða á Tryggvagötu bæði vegna nýbygginga, gatnagerðar og umferðartenginga.

á gatnamótum Geirsgötu og Kalkofnsvegur. Framkvæmdirnar munu óneitanlega hafa áhrif á mannlífið í miðborginni og verða gerðar sérstakar ráðstafanir til að

beina gangandi vegfarendum um öruggar gönguleiðir. Skilti hafa verið verða sett upp á nokkrum stöðum til að vísa veginn og verða þau einnig á ensku vegna þess mikla fjölda ferðamanna sem er á þessum slóðum.



Mikið úrval af TYR sundfatnaði - nýjar gerðir og litir, úr **DURAFast 300+** efni, sem er sérlega klórþolið og lithelt.

Kíktu á úrvalið á heimasíðu okkar www.aquasport.is



Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogur
sími: 5640035

Vinaleikar Vesturbæjar-skóla



Margt var gert í vinaleikum í Vesturbæjarskóla. Þar á meðal þetta verk.

Vinaleikar voru haldnir í Vesturbæjarskóla 23. maí sl. Vinaleikarnir eru dagur þar sem nemendum er skipt í lið þvert á árganga og taka þátt í fjölbreyttum þrautum og leikjum eins og limbó, orðaprautum, fitja upp og fleira.

Sigurliðið, Vestó bestó, fékk farandbikar í verðlaun og allir þátttakendur fengu verðlaunapening. Markmið með leikunum er að nemendur æfi sig í að vera góðir liðsmenn, sýna samstöðu og hafa gaman. Nokkrir liðsstjórar fengu hrós fyrir sérstaklega góða frammistöðu í því hlutverki. Vinaleikarnir gengu vonum framár og vonandi skemmtu allir sér vel.

Tilvalin sumargjöf fyrir dömur á öllum aldri



... svo ótrúlega þægileg eftir sturtuna eða baðið!



Fáanleg í 12 litum í fullorðins- og barnastærð.

Helstu útsölustaðir í Reykjavík
Allar sundlaugar, Apótekarinn Mjódd og Breiðhófa, Lyf og heilsa; Granda, Kringlu og Austurver, Snýrtivöru-búðin Glæsibæ, Mistý, Lyfjaver, Reykjavíkur Apótek, Árbæjarapótek, Urðarapótek.
Netverslanir Aha.is, Heimkaup og Krabbameinsfélagið.



höfuðhandklæði

elfursif@internet.is gsm 660 8860

Nánar um sölustaði á facebook



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



Finndu okkur á Facebook

Vesturbæingar



Þeim er alltaf að fjölga veitingastöðunum í Vesturbænum!



Í AFRAM ÍSLAND



**KÍKTU
Í KASSANN!**

ÞAÐ GÆTI LEYNST VINNINGUR
Í ÞÍNUM KASSA.



Leiðin hefur legið víða

- spjallað við Hans Kristján Árnason

Sjónvarpsstöðin Hringbraut hefur að undanförmu sýnt heimildabætti sem Hans Kristján Árnason hefur gert í gegnum tíðina. Hann hefur gert marga heimildarþætti fyrir sjónvarp um menn og málefni auk annarra heimildamynda erlendis og hér heima. Trúlega er hann kunnastur fyrir frumkvöðlastarf sitt í sögu sjónvarps á Íslandi en hann ásamt félaganum Jóni Óttari Ragnarssyni ýttu Stöð 2 úr vör haustið 1986 - dagana sem Ronald Reagan og Mikhail Gorbachev sátu sögulegan fund hér á landi. Færri vita að hann hefur fengist við sölu á gærum til Finnlands, lopapeysum til Rússlands og byggt tunnuverksmiðju í Finnlandi til þess að smíða síldartunnur fyrir Íslendinga. Hann hefur víða komið við á leið sinni í gegnum lífið. Vesturbæjarblaðið settist niður með Hans Kristjáni á dögunum.

Að íslenskum sið er hann fyrst inntur eftir ætt og uppruna. “Ég er fæddur á Skólavörðuholtinu, Smáragötu 3, í húsi ömmu minnar og afa en fjölskyldan flutti síðan á Guðrúnargötu 9 í Norðurmýrinni rétt við Klambratúnið. Þar ólst ég upp í næsta nágrenni við Jón Þórðarson kennara og Þórunni Elfu Magnúsdóttur rithöfund foreldra Megasar. Við Megas vorum því nágrannar en hann er tveimur árum eldri en ég og ég var í níunda bekk hjá Jóni föður hans. Reyndar vorum við Megas í sveit á sama bæ en hann var þar ári á undan mér þannig að við sinntum aldrei sveitastörfum saman þótt báðir hafi prufað sveitalífið sem strákar. Ég man hvað Megas var snemma frjór. Þegar hann var átta eða níu ára var hann að búa til hasarblöð. Hann hefur alltaf verið góður teiknari og lagði allt í þetta. Hann samdi sögurnar og teiknaði myndirnar. Blöðin voru fjölrituð í skólanum hjá föður hans og síðan fór hann út á götu og seldi þau. Þetta er sennilega einsdæmi af strák á hans aldri.”



Hans Kristján Árnason.

Í herbergi Vigdísar

Hans Kristján minnst skólagöngunnar. “Ég gekk fyrst í Ísaksskóla en Ísak Jónsson stofnandi hans var ömmubróðir minn. Síðan hófst tímabil flutninga í ævi minni sem eiginlega stendur enn því ég hef flutt 22 sinnum á minni stuttu æfi. Ég er tíu ára þegar foreldrar mínir keyptu hús við Ásvallagötu 79 árið 1957. Þau keyptu af foreldrum Vigdísar Finnbogadóttur. Þetta voru svona fjölskylduvinakaup en Kristján Einarsson afi minn og Finnbogi Rútur faðir Vigdísar voru vinir. Þegar við komum í húsið fylgdi dóttirin á heimilinu, Vigdís, mér upp á efri hæðina og sýndi mér herbergi. Þetta var gamla herbergið hennar og hún sagði að þar ætti ég að vera. Þetta gekk eftir. Ég fékk herbergi Vigdísar Finnbogadóttur.” Hans Kristján

kveðst engan hafa þekkt í Vesturbænum þegar þau fluttu en það hafi breyst þegar hann fór í Melaskólann. “Við Ólafur Haukur Símonarson rithöfundur urðum sessunautar. Ég labbaði oft í gegnum Kamp Knox sem þá var og hét og hitti stráka sem urðu ævivinir mínir. Svo tók Hagaskóli við. Þar kynntist ég meðal annara Ágústi Haraldssyni, Ingvari Karlssyni, Gunnari Gunnarssyni, Karli Steingrímssyni og Arnari Haukssyni.”

Gekk alltaf úr Vesturbænum í Versló

Leið Hans Kristjáns lá síðan í Verslunarskólann. “Þar var ég í sex ár. Fyrst lauk ég hefðbundnu verslunarnámi og eftir það bættust tvö ár við til að ljúka stúdentsprófi. Skólinn var við Grundarstíg og ég gekk austur yfir

allan tímann – yfir Skothúsbrúna í öllum veðrum. Ég var um hálf tíma hvora leið en aldrei kom annað til greina en ganga í skólann. Á þessum árum var venja að krakkar færu til vinnu á sumrin og fyrsta vinnan mín þegar ég var 11 ára var í saltfiskinum hjá Sænska frystihúsinu sem stóð þar sem Seðlabankinn er. Ég tók mér fleira fyrir hendur á sumrin. Eitt sumar vann ég í byggingavinnu sem handlangari. Svo tóku sumaskólarnir við. Fyrst fór ég til Bournemouth í Englandi en þangað fóru nokkrir Vestrubæingar. Síðar var ég sendur til Heidelberg í Þýskalandi. Mér gekk ekki vel í þýsku og þarna var fundin leið til að koma mér á milli bekkja í Verslunarskólanum. Svo má ekki gleyma því að ég vann fyrir nokkur jól og eitt sumar í Herradeild P&O sem var þar sem Kaffi París er í dag. Þá voru þeir Pétur og Ólafur

búnir að opna herrafataverslunina um 1960 og ég var 15 ára þegar ég vann þar fyrst. Þetta voru miklir heiðursmenn og það var á við mjög góðan skóla að starfa með þeim. Ég man hvað mér þótti þó erfitt sumarið sem ég var þar að vera lokaður inni í búðinni á góðviðrisdögum. Þegar sólin skein og fólk naut blíðunnar á Austurvelli. Ég fór síðar annan sumartíma til Englands. Þar dvaldi ég hjá L. Fortescue, sem verið hafði yfirkennari í Eton, þeim fræga menntaskóla. Hann var þá hættur kennslu en hobby hans á efri árum var að rækta enskan garð á landareign sem hann átti. Hann var með tvo vinnumenn í garðinum sem fengu hvor um sig átta pund á viku í vinnulaun sem var svipað og vasapeningarnir sem ég fékk. Ég kynntist hinum stranga kennara og mikla aga sem einkenndi hann, störf hans og samskipti við fólk, en við urðum góðir vinir eftir að ég varð fullorðinn.”

Hjá stálverksmiðju í fjöllum í Wales

Hans Kristján starfaði að atvinnurekstri bæði fjölskyldu sinnar og annarra um árabíl. Á síðari hluta sjöunda áratugarins dvaldi hann í London og vann hjá breskum fyrirtækjum sem faðir hans hafði átt samskipti við og átti viðskiptasambönd. Hann var einnig í Glaskow um tíma og meðal annars hjá stálverksmiðju sem var staðsett upp í fjöllum í Wales. “Ég trúlofaðist þetta Bretlandssumar og gifti mig 1968. Fyrsta heimili okkar var á Víðimel 55 hjá þáverandi tengdaforeldrum mínum Páli Ísólfssyni tónskáldi og dómorganista og Sigrúnu Eiríksdóttir. Þessi ágæta kona er Anna Sigríður Pálsdóttir sem síðar nam guðfræði og gerðist prestur og þjónaði um tíma í Dómkirkjunni þar sem faðir hennar vann sitt ævistarf. Við eignuðumst fyrsta son okkar, Árna Pál, 1968. Gunnar fæddist svo 1971 og seinast Ragnar árið 1978. Þeir starfa allir við kvikmyndagerð. Á námsárunum



Hans Kristján ásamt systkinum sínum Ingunni, Einari og Guðrúnu á barnsaldri.



Hans Kristján og systkini á góðum aldri.

starfaði ég hjá Flugfélagi Íslands, fyrst á Reykjavíkurlugvelli en síðar sem fulltrúi félagsins á Keflavíkurlugvelli. Þetta er svona brot úr atvinnu- og fjölskyldusögu minni á þessum árum.”

Að selja gætur og lopa

En svo tóku aðrir tímar við. “Já – eftir nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands og framhaldsnám við Lundúnaháskóla (LBS) sá ég einn daginn að mér fannst athyglisverða auglýsingu í Morgunblaðinu sem barst út til okkar. Þar var verið að leita eftir aðstoðarframkvæmdastjóra fyrir lðnaðardeild Sambands Íslenskra samvinnufélaga sem þá stóð í miklum blóma. Sambandið var með á bilinu átta til níu hundruð manns við störf á Gleráreyrum á Akureyri. Þetta var einn fjölmennasti vinnustaður landsins á þeirri tíð og stóð að mikilli útflutningsstarfsemi. Ég sótti um starfið og var ráðinn þangað sumarið 1975. Þetta þýddi mikil ferðalög sem tengdust sölustarfseminni. Ég fór oft til Norðurlandanna og einnig nokkrum sinnum til Rússlands sem þá var hluti Sovétríkjanna. Ég gleymi aldrei fyrstu ferðinni þangað. Að koma til Moskvu í fyrsta sinn var eins og menningarsjokk og ég varð eiginlega fegnastur þegar ég var aftur kominn um borð í Finnair til Helsinki. En eftir því sem ég kom oftar og var farinn að kynnast Rússum kunni ég betur og betur við þá. Samskiptin við Rússa voru ævintýri út af fyrir sig og mikil reynsla fólgin í að kynnast þeim og því samfélagi sem þar var við lýði. Ég starfaði þarna í þrjú ár en ákvað þá að hætta. Fann mig ekki alveg nægilega vel í þessu og fór að kenna hagfræði við gamla skólann minn Verslunarskólann. Á þeim tíma endurvakti ég umboðsverslun



Hans Kristján. Myndin var tekin við opnum Stöðvar 2.

sem afi minn Hans Eide hafði stofnað til á sínum tíma en hafði legið niðri um árabíl. Ég stofnaði líka tunnuverksmiðju í Finnlandi til þess að smíða síldartunnur fyrir Íslendinga. En svo seldi ég fyrirtækið og venti kvæði mínu í kross.”

U-beygja til Alþýðuleikhússins

Þú fórst alveg inn á nýjar slóðir. “Já – ég breytti um starfsvettvang. Nýtt viðfangsefni tengdist þó að nokkru leyti því sem ég hafði fengist við áður það er að segja rekstri en var um annarskonar starfsemi að ræða.

Ég gerðist framkvæmdastjóri Alþýðuleikhússins sem þá var tiltölulega nýtt fyrirbæri í menningarlífinu. Þarna var saman komið kraftmikið leikhúsfólk sem vildi færa leiklistina út fyrir ramma stofnanaleikhúsanna; Þjóðleikhúss og Leikfélags Reykjavíkur, sem síðar varð Borgarleikhús. Hjónin Arnar Jónsson og Þórhildur Þorleifsdóttir voru þarna fremst á sviði ásamt Ingu Bjarnason og fleira fólk kom fljótt við sögu. Má þar nefna Viðar Eggertsson, Erlu B. Skúladóttur, Margræti Ákadóttur, Sigrúnu Valbergsdóttur, Bjarna Ingvarsson og fleiri. Alþýðuleikhúsið var með róttæka stefnu enda var margt af þessu

fólki virkt á vinstri kanti hins pólitíska lífs.” Hans Kristján segir þetta hafa verið talsvert öðruvísi en það umhverfi sem hann hafði lifað og hrærst í bæði í námi og störfum. “Listin hafði alltaf blundað í mér og þarna var ég orðinn spenntari fyrir henni en viðskiptum.”

Varð hugfanginn af sjónvarpi

Og þú lést ekki staðar numið við Alþýðuleikhúsið heldur má segja að þetta hafi orðið upphaf að öðru og meiru. “Þetta var það. Við Jón Óttar Ragnarsson höfðum um nokkurn tíma verið að velta fyrir okkur að gera eitthvað saman. Ég hafði snemma orðið hugfanginn fyrir sjónvarpi. Ólafur O. Johnson forstjóri O. Johnson & Kaaber sem var vinur foreldra minna var með sjónvarp heima hjá sér. Hann var einn af þeim fyrstu sem lét reisa 15 metra háa loftstöng til þess að ná útsendingum sjónvarps bandaríska hersins á Miðnesheiði. Fyrstu kynni mín af sjónvarpi voru heima hjá Ólafi þegar ég var 11 til 12 ára en faðir minn keypti síðar sjónvarpstæki sem var í kjallaranum á Ásvallagötunni. Ég fékk bakteríu sem ég hef aldrei losnað við. Af Jóni Óttari er það að segja að hann hafði unnið nokkuð fyrir sjónvarp. Hann hafði meðal annars gert þætti með Sigrúnu Stefánsdóttur fjölmiðlafræðingi og fengið þennan sama áhuga og ég. Þetta small saman. Áhugi okkar beggja á þessu viðgangsefni varð til þess að við fórum af stað með Stöð 2. Þetta var frumkvöðlastarf þar sem þurfti að byrja á öllu frá grunni. Við vorum ekki með neina sterka bakjarla og þetta var spurning um líf eða dauða frá degi til dags. En við höfðum afskaplega gaman af þessu.”

Byrjaði á Höllu Linker

Svo fyrstu yfir í að gera heimildarmyndir. “Já – ég losnaði ekki við þetta og fór út í sjónvarpsþættina þegar við Jón Óttar fórum frá Stöð 2. Fyrstu þættina í röðinni „ÍSLENDINGAR ERLENDIS“ gerði ég í Kaliforníu 1987. Halla Linker varð fyrsta fórnarlambið, mikil heimskona sem flutti út með verðandi eiginmanni sínum nýútskrifuð frá Menntaskólanum í Reykjavík. Þau hjón ferðuðust víða um vegna starfs Hal eiginmanns hennar sem vann við að gera sjónvarpsþætti. Halla hafði komið til yfir 140 landa og hafði eðlilega frá mörgu að segja. Næstur kom Helgi Tómasson listdansari og listdansstjóri og framkvæmdastjóri San Francisco balletsins. Þetta var virkilega skemmtilegt og ég fór síðan víðar um heim í þessum erindum. Ég gerði þætti um Hawaii, Gran Canaria, Möltu og marga fleiri staði. Ég gerði líka þætti um fleiri einstaklinga. Einn sá eftirminnilegasti er um Vilhjálm Stefánsson landkönnuð og svo voru þættir um Thor Thors sendiherra, Hans G. Andersen þjóðréttarfræðing sem kom mikið við sögu í þorskastríðunum við Breta og Sonju Zorrilla. Ég held að þættirnir hafi verið orðnir á bilin 20 til 30. Síðasta heimildamynd mín var „Frá torfbæ á forsiðu TIME“ og var um ævi Sveins Kristjáns Bjarnarsonar, öðru nafni Holger Cahill, sem fæddist á Snæfellsnesi, en hann varð einn áhrifamesti maður í bandarískum myndlistarheimi, ma. forstjóri MoMA í New York, og eini Íslendingurinn sem prýtt hefur forsiðu TIME tímaritsins.”

Framhald á bls. 6.

Kjötkompaní

GRILL

STÚTFULL BÚÐ AF GÓÐGÆTI
FYRIR HM PARTYÍN

Hafnarfjörði & Granda

www.kjotkompani.is

578 9700

kjotkompani@kjotkompani.is

kjotkompani

Framhald af bls. 4-5

Bókin um Gunnar varð metsölubók

“Einn þessara þátta varð undanfari bókar,” heldur Hans Kristján áfram. “Þannig var að ég var að vinna að þætti með Viðari Víkingssyni kvikmyndagerðarmanni um Gunnar Dal heimspeking og rithöfund. Hann var sýndur á RÚV 1993 og skömmu síðar spurði ég Gunnar hvort hann væri til í að skrifa bók með mér. Hann var til í það og við kláruðum bókina sem heitir “Að elska er að lifa” í júní 1994. En þegar ég fór að leita að útgefanda brá svo við að enginn vildi gefa bókina út. Ég gekk á milli forlaganna en enginn virtist hafa áhuga á svona bók, og svörin voru iðulega á þá leið að svona bók myndi aldrei seljast. Mér fannst ekki hægt að hætta við hálfnað verk og réðst því að gefa hana út sjálfur. Og viti menn. Bókin varð metsölubók. Hún seldist í bílformum og var prentuð þrisvar í nóvember og desember mánuði. Og það er enn spurt eftir henni á bókasöfnum.” En útgáfustarfsemi Hans Kristjáns lauk ekki með Gunnari Dal. Síðar gaf hann út bókina COD - biography of the fish that changed the world eða Ævisaga þorsksins - fiskurinn sem breytti heiminum, eins og hún heitir í þýðingu Ólafs Hannibalssonar. “Ég kynntist höfundu bókarrinnar Mark Kurlansky á sínum tíma. Hann er blaðamaður en hefur einnig verið til sjós og var efnið því nærtækt. Mér fannst þetta stórmerkileg bók þar sem fjallað er um hin miklu áhrif sem þessi fisktegund hefur haft á líf fólks og þjóða við Atlantshafið í gegn um aldirnar.” Hans Kristján hefur komið víðar við. Hann opnaði eitt sinn gallerí í Kirkjuhvoli en segir það hafa verið erfiður rekstur. Hann var einnig framkvæmdastjóri Þjóðarhreyfingarinnar. “Þetta var hópur lýðræðissinnaðs fólks. Þarna voru Ólafur Hannibalsson, Jónatan Þórmundsson prófessor, Einar Árnason hagfræðingur og bróðir minn, Þorvaldur Gylfason hagfræðingur, Valgerður Bjarnadóttir fyrrum alþingismaður, Hjörtur Hjartarson sagnfræðingur, séra Örn Bárður Jónsson og fleiri. Verkefni okkar var m.a. að berjast gegn fjölmiðlafrumvarpi Davíðs Oddssonar á sínum tíma sem var dregið til baka eftir að Ólafur Ragnar Grímsson nýtti forsetavald og vísaði því til þjóðaratkvæðagreiðslu. Við vorum aðal pressugrúppan í þessu. Við sófnuðum líka fyrir heilsíðu auglýsingu í New York Times þar sem stuðningi Íslands við innrás Bandaríkjanna í Írak var mótmælt. Síðan í New York Times kostaði þá yfir fjórar milljónir íslenskra króna.” Þjóðmálin eru Hans Kristjáni jafnan nærtæk ekki síður en heimildamyndagerðin. “Hringbraut ætlað að halda áfram að sýna þættina mína á næstunni.”

PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna



TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

Flugstöð hluti af samgöngumiðstöð við BSÍ



Hugmynd verkefnahópsins um tengingu Reykjavíkurlugvallar við samgöngumiðstöð á BSÍ reitnum. Flugvélahlöð verða á milli núverandi norður - suður brautar og BSÍ.

Verkefnahópur samgönguráðherra hefur lagt til að ný flugstöð verði reist á BSÍ reitnum. Gert er ráð fyrir að hún verði hluti af samgöngumiðstöð sem muni nýtað áfram þótt flugvöllurinn fari úr Vatnsmýrinni. Gert er ráð fyrir að samgöngumiðstöðin kosti tæpa 2,8 milljarða í framkvæmd. Verkefnahopurinn var skipaður af Jóni Gunnarssyni, fyrrverandi samgöngur- og sveitarstjórnarráðherra. Hann nefndi tvo aðra möguleika fyrir nýja flugstöð. Annars vegar nýbyggingu við Hótel Natura og hins vegar nýbyggingu norðaustan við núverandi flugstöð. Voru báðir möguleikarnir taldir dýrari og óhentugri en samgöngumiðstöð á BSÍ reit. Gert er ráð fyrir að undirgöng tengi samgöngumiðstöðina við flugvöllinn og mögulega byggð í Vatnsmýri. Hópurinn taldi ákveðna samlegð og hagræði nást af því að tengja flugið öllum almenningssamgöngum innan borgarinnar og við flugvöllinn í Keflavík. Í skýrslu verkefnahópsins segir að gera megir ráð fyrir að tenging flugsins við almenningssamgöngur á þessum stað bjóði upp á ýmis tækifæri til að bæta rekstrargrundvöll flugrekenda. Áætlanir gera ráð fyrir að farþegafjöldi með flugi, almenningssamgöngum og ferðaþjónustu sem fer um samgöngumiðstöð á BSÍ reitnum verða a.m.k. 10 milljónir manns á ári.

Hleðslustöðvar fyrir rafbíla á Vesturgötu

- fjöldi hleðslustöðva settur upp á næstunni



Kolbrún Jónatansdóttir framkvæmdastjóri Bilastæðasjóðs, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Sigurður Ástgeirsson frá Ísorku þegar hleðslustöðin á Vesturgötu var opnuð.

Nýlega voru teknar í notkun fjórar hleðslustöðvar fyrir rafbíla í bilastæðahúsinu við Vesturgötu 7. Það er liður í mikilli fjölgun hleðslustöðva nú er unnið að að því að setja um 58 hleðslustæði í miðborginni en nú þegar eru komin tíu hleðslustæði í bilastæðahúsum, 4 á Vesturgötu 7 og 6 í Traðarkoti. Á næstu sex til átta vikum verða tekin í notkun sex hleðslustæði í Stjörnuportu, sex í bilastæðahúsinu á Vitatorgi og fjögur á Bergstöðum. Verkefnið hófst formlega með umsókn Reykjavíkurborgar

til Orkustofnunar um styrk til uppsetningar á 58 hleðslustæðum, 32 í götustæðum og 26 í bilastæðahúsum. Við umsóknina til Orkusjóðs var horft til þess að byggð er þétt í miðborg Reykjavíkur og því minna um bilastæði á lóðum. Miðborgin er stórt vinnusóknarsvæði og þar er kjarni stjórnsýslu ríkis og borgar, menningarstarfsemi og ferðaþjónusta, verslun og veitingastarfsemi auk ýmissar þjónustu. Orkustofnun samþykkti styrk upp á 10 milljónir króna til verkefnisins.



Minna viðhald,
meiri frítími



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
FYRIR ÍSLENSKA VEÐRÁTTU
PVC GLUGGAR | HURÐIR | RENNIHURÐIR
SÓLSTOFUR | SVALALOKARNIR

PGV

FRAMTÍÐARFORM EHF
PLASTGLUGGAVERKSMÍÐJA

Hafðu samband, veldu viðhaldslítið og notaðu frítíma þinn í annað en málningar-og viðhaldsvinnu

SKIPHOLT 35, 105 REYKJAVÍK | SELJABÓT 7, 240 GRINDAVÍK
510-9700 | WWW.PGV.IS | PGV@PGV.IS

RECARO

Barnabílstólar í úrvali





SEAT FIX

AIR CIRCULATION SYSTEM

LIGHT WEIGHT

ECE NORM R 44/04

HERO

ISO FIX

ADVANCED ((SIDE)) PROTECTION



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Opnaðu á lægra eldsneytisverð!



af hverjum lítra
í fyrsta sinn sem þú dælir



af hverjum lítra
á afmælisdaginn þinn



Allt að 11 kr. af hverjum lítra
með afsláttarþrepum Orkunnar

Með því að nota Orkulykilinn tryggirðu þér lægra eldsneytisverð í hvert skipti sem þú dælir. Það er einfalt og fljótlegt að sækja um og virkja lykilinn. Nældu þér í Orkulykilinn og byrjaðu að spara.

Sæktu um Orkulykil á orkan.is



Leikir íslenska landsliðsins á risaskjá í Vesturbænum



Hægt er að horfa á leiki á íslenska landsliðsins heimsmeistaramótsins í Knattspyrnu sem nú fer fram í Rússlandi á risaskjá á sundlaugartúninu við Vesturbæjarlaugina. Það eru Brauð&co, Hagavagninn, Kaffihús Vesturbæjar og Melabúðin sem að standa fyrir þessu Vesturbæjaráhorfi.

Gísli Marteinn Baldursson skrifar á facebook síðu sína að hann vilji hvetja Vesturbæinga til að koma þangað og horfa saman á leikina og hvetja okkar menn til dæða. Hann hvetur einnig íbúana til að mæta með teppi og tjaldstóla og hafa það huggulegt saman yfir leikjunum. „Við sjáum þetta sem kjörið tækifæri fyrir hverfið og fjölskyldur til að gera eitthvað skemmtilegt saman og skapa góðan hverfisanda. Nú er bara að hugsa hlýlega til veðurguðanna og fá smá hlé á rigningunni og þá getum við átt frábæra og eftirminnilega upplifun í hverfinu okkar,“ skrifar Gísli Marteinn. Gísli tekur fram að hann sé ekki að auglýsa nein viðskipti. „Við erum eingöngu að stússast í þessu til að skapa skemmtilega stemningu í hverfinu okkar og vonum að sem flestir taki þátt í því með okkur. Áfram Vesturbærin og áfram Ísland.“


Nýlistasafnið 40 ára

Afmælissýning í Marshallhúsinu til 12. ágúst

Djúpprýstingur nefnist sýning sem nú stendur yfir í Nýlistasafninu í Marshallhúsinu á Grandagarði í tilefni af 40 ára afmæli þess en safnið var stofnað 1978 af hópi 27 listamanna og er í dag eitt elsta sýningarrými sem rekið er af listamönnum. Á 40 ára ferli safnsins hafa yfir 2.500 listamenn komið við sögu þess ýmist með sýningum eða öðrum listviðburðum.

Í frétt frá Nýlistasafninu kemur fram að listaverkin sem voru valin á sýninguna eiga það sameiginlegt að gefa gestum mörg ólík sjónarhorn á atburði og hugleiðingar nútímans. Tengingar verkanna geti farið inn á hversdagsleg smáatriði, dægurmenningu, ferðamannaiðnaðinn og ástand heimsmála. Verkin varpi fram viðvarandi aðstæðum eða andartökum sem líða hægt eða hratt. Sum verkin eru stækkunargler á meðan önnur eru stjórnuvík. Þau eru gluggar andspænis gluggum, staðir til að hugleiða, augnablik til að varðveita eða sleppa lausum.

Listamenn sem eiga verk á sýningunni eru: Atli Heimir Sveinsson, Andreas Brunner, Auður Lóa Guðnadóttir & Starkaður Sigurðarson, Ásgerður



Birna Björnsdóttir, Ásta Ólafsdóttir, Björk Guðnadóttir, Daniel Pflumm, Dieter Roth, Douwe Jan Bakker, Edilson, Eirún Sigurðardóttir, Erika MacPherson, Rachel Zolf, Geoffrey Hendricks, Guðrún Einarsdóttir, High Heel Sisters, Hörður Ágústsson, Jóhanna Kristín Yngvadóttir, Jón Gunnar Árnason, Juliane Foronda, Kristín Helga Ríkharðsdóttir, Niels Hafstein,

Róska, Rúna Þorkelsdóttir, Saga Sigurðardóttir, Sigurður Guðmundsson, Sólveig Aðalsteinsdóttir & Veigar Ölnir Gunnarsson. Sýningin stendur fram til 12. ágúst og meðan á henni stendur verður fjölbreytt viðburðadagskrá sem nær yfir sumarið. Þar á meðal listamannspjall, kokteilstund, gjörningar og viðburðir.

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188



Við erum 5 ára!!!

10 & 20 % AFMÆLIS AFSLÁTTUR 14.-21. júní




DRYKKIR Á BOÐFNABARNUM
20% afsláttur

Bjóðum allskyns holla og heimagerða drykki og aðrar kræsingar á boðfnabars Systrasamlagsins sem næra djúpt.



FLOTHETTAN
20% afsláttur

FLOTHETTAN er framúrskarandi íslensk hönnun sem færir okkur djúpa slökun og vellíðan í vatni. Farðu dýpra inn á við fríinu. Líka í netsölu á www.systrasamlagid.is



LÍFRÆNN SAMFESTINGUR
10% afsláttur

Nýtt jógafermerki á Íslandi. Ripple Yoga framleiðir vinsælustu lífrænu jógasamfestinganna í heiminum í dag og margt annað. 10 % afmæliskynningarafsláttur.



MÖNTRU ARMBÖND
10% afsláttur

Möntru armböndin eru frábært veganesti út í lífið. Í einstaklega fallegum gjafaumbúðum. Silfur, gull, rósagull.



SÓLEY ORGANICS
20% afsláttur

Af allri húðvörulínunni. Vertu mjúk í sumar.

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
Ný heimasíða: systrasamlagid.is
facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

Fylgstu með söfnun systra fyrir uppbyggingu og smíði
Boðfnabars á karolínafund.com

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mán. - fös.: 10 - 18.
Laugardagar: 11 - 16.

ÖFLUG SÓLARVÖRN FYRIR ANDLIT



Er ferðavagninn rafmagnslaus?

Veldu öruggt start með **TUDOR**



Fristunda rafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

101

REYKJAVÍK

FASTEIGNASALA

www.101.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Alþjóðleg og rammíslensk stemning á Granda Mathöll

Grandi Mathöll var opnuð í húsnæði sem eitt sinn hýsti fiskmarkað í Örfiriseyinni á sjómannadaginn fyrsta júní sl. Þetta er önnur mathöllin og raunar fyrsti götubitastaðurinn sem opnar í Reykjavík á skömmum tíma en önnur mathöll var opnuð á Hlemmi fyrr á þessu ári sem er með nokkuð öðru sniði. Mathöll er kennd við svonefnt götufæði á ensku "street food".

Á Facebook síðu hallarinnar segir að nálægðin við sjóinn sé einstök og alveg eins víst að gestir upplifi löndun á fiski - fiski sem gæti endað á borðum þeirra. Við viljum vera vettvangur sem stendur fyrir hugsjónir um ferska og hreina íslenska matvöru, einstaka fjölbreytni, umhverfisvænar vörur og heilbrigðan og skemmtilegan lífsstíl. Niu veitingabásar eða vagnar bjóða upp á frumlega rétti með áherslu á íslenskt hráefni. Þeir bjóða einnig upp á íslenskt grænmeti og brauð, ásamt kaffi, bjór og víni. Þá verða seldar vörur matarfrumkvöðla sem hafa aðsetur á efri hæð skemmunar í Húsi sjávarklasans. Grandi mathöll verður opin allan ársins hring.

Götubitastaðir eiga sér langa sögu

Götubitastaðir eða "street food" eiga sér langa sögu í matarmenningu heimsins og má rekja upphafi þeirra til Forngríkkja þar sem boðið var upp á steiktan fisk. Margir Íslendingar kannast eflaust við Copenhagen Street Food á Pápirsöen í Kaupmannahöfn en þessi fornmatarmenning hefur þróast í tímans rás. Fyrstu götubitastaðirnir sem sögur fara af buðu Forngríkkjum upp á steiktan fisk og þeir voru lengi vinsælir á meðal fátækra fjölskyldna. Þetta hefur breyst í tímans rás og nú eru slíkir staðir vinsælir um allan heim. Einkenni götubitastaða nútímans eru að þeir bjóða ýmsa smárétti á viðráðanlegu verði og eru oft í eigu fjölskyldna eða einstaklinga sem sjálf vinna við matargerðina. Nálægt 100 aðilar sóttu um aðstöðu í Mathöll Granda þegar auglýst var og reynt var við val þeirra sem fengu pláss að þeir spegluðu bæði alþjóðlega og innlenda straua



Þessar myndir voru teknar í Granda Mathöll á laugardaginn var þar sem gestir voru að búa sig undir að horfa á leik Íslands og Argentínu á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu.



í matargerð og lögð er áhersla á gæði og fjölbreytni. Staðirnir sem verða í Granda mathöll eru Fjárhúsið, Fusion Fish & Chips, KORE, Lax, Micro Roast Vínbar, Rabbarbarinn, The Gastro Truck, Vietnam og Pop-Up.

Þessir staðir bjóða mat frá öllum heimshornum og verðlagi er haldið í skefjum Þá skemmir umhverfið ekki fyrir. Höfnin og sjórinn og hægt er að opna út á bryggju ef gestir vilja njóta matar og sjávarsíðunnar í einu.

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is

FERSKUR FISKUR

DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN

Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opið virka daga kl. 10 - 18:30






Ray-Ban

Red Bull

JENSEN
EYEWEAR

CÉBÉ

COCOA MINT

SMITH

bolle

Sólin er komin!

Við bjóðum sólgleraugu í miklu úrvali frá þekktum vörumerkjum á góðu verði. Heimsþekkt vörumerki og fjölbreytt vöruval. Auk þess bjóðum við allskonar gleraugu, leskleraugu sem og margskipt gleraugu, linsur, sólgleraugu, hjólagleraugu, hlaupagleraugu, skíðagleraugu, fjallagleraugu, veiðigleraugu með eða án styrks.

Kíktu í heimsókn og skoðaðu úrvalið.



Cocoa Mint 2020 sólgleraugu kr. 14.500,-



Ray-Ban Caravan sólgleraugu kr. 19.900,-



Ray-Ban Clubround sólgleraugu kr. 27.900,-



Cébé Wild 7 sólgleraugu kr. 21.900,-



Land Rover Helvellyn sólgleraugu kr. 18.900,-



Cocoa Mint 2001 sólgleraugu kr. 12.900,-



Centro Style umgjörð með clip-on kr. 16.800,-

Clip-on
sólgleraugu
fylgja með



Red Bull Bail 006 sportgleraugu kr. 23.490,-



Cocoa Mint 2555 sólgleraugu kr. 14.490,-



Jensen 7557 sólgleraugu kr. 14.900,-



Redbull Bubble sportgleraugu kr. 17.750,-

Gott verð á glerjum

Einfókus gler (USA) - verð frá kr. 7.380,-
Margskipt gler (USA) - verð frá kr. 19.980,-
(einingis í USA umgjörðir)

Einfókus gler - verð frá kr. 16.900,-
Margskipt gler - verð frá kr. 41.900,-

**PARKET
& GOLF**

- gerir hús að heimili

parket

gólflistar

mottur

gólfhreinsiefni

harðparket

teppi

teppaflísar

vinylflísar

dreglar

stíga húsa teppi

klæðningarefni

viðarparket

veggjaparket

Ármúli 32, 108 Reykjavík
Sími 568 1888
www.pog.is



Arionbanki

Gagngerar endurbætur á útibúinu í Vesturbænum

Nú standa yfir breytingar á útibúaneti Arion banka með það að markmiði að aðlagja það nýrri nálgun í bankapjónustu, m.a. með áherslu á aðgengi að stafrænum lausnum og þægilegri þjónustu. Liður í þessum breytingum eru gagngerar endurbætur á útibúinu okkar hér í Vesturbæ sem munu hefjast á næstu dögum.

Síðasti afgreiðsludagurinn í útibúinu verður föstudagurinn 22. júní en frá og með mánudeginum 25. júní verður útibúið lokað vegna framkvæmda. Áfram verður hraðbanki í húsinu meðan á framkvæmdum stendur.

Í haust opnum við svo endurnýjað útibú með ýmsum nýjungum þar sem rík áhersla verður lögð á aðgengi, sveigjanleika og enn þægilegri bankapjónustu. Starfsfólk útibúsins verður viðskiptavinum til aðstoðar, meðal annars við notkun á stafrænum þjónustuleiðum. Aukið aðgengi verður að hraðbönkum og öðrum



Útibú Arionbanka er í Bændahöllinni og er gengið inn frá norðurgafli byggingarinnar.

sjálfsafgreiðslulausnum auk þess sem boðið verður upp á ráðgjöf í gegnum fjarfundarbúnað.

Ef einhverjar spurningar vakna má senda tölvupóst á netfangið arionbanki@arionbanki.is eða

slá á þráðinn til þjónustuversins í síma 444-7000 eða litið við í næsta útibúi.

Reykjavík
RÖST
Coffee house & bar
Við gömlu höfnina
reykjavikrost.is

BIFREIÐASKOÐUN

Vissir þú að við skoðum bíla á Grandanum?

Þar skoðum við flestar tegundir ökutækja þ.m.t. ferðavagna og húsbíla

Verið velkomin í skoðunarstöð Frumherja að Hólmaslóð 2, Granda.



Frumherji
www.frumherji.is



BIKE CAVE

Einarsnesi 36 • 101 RVK
Opið alla daga 9-22
www.bikecave.is • Erum á Facebook
Sími: 770-3113



Jacek er reiðhjólaviðgerðarmaður
Bike Cave - hann kemur frá Pýskalandi og
er snillingur með sérþekkingu á öllu sem
við kemur reiðhjólum og reiðhjólasmíði.

Tímamantanir í síma 788-7616 eða 770-3113.

Hringdu strax og þú færð góða og skjóta
þjónustu á viðráðanlegu verði.



SKRIFSTOFUR Í BÆNDAHÖLL

Bændahöllin byggir 9 stakar skrifstofur í Sunnusal á 1. hæð og býður til útleigu. Þær eru hannaðar af Hornsteinum arkitektum og verða afhentar leigutökum á fyrsta ársfjórðungi 2019. Sameiginlegt aðgengi er að tveimur fundarherbergjum og matstofu starfsmanna hússins. Stutt er að sækja ýmiss konar þjónustu, s.s. bar, veitingastað, banka, pósthús, rakara, hárgreiðslustofu og snyrtistofu.

Nánari upplýsingar á
www.baendahollin.is.

Bændahöllin ehf.,
Hagatorgi,
107 REYKJAVÍK,
baendahollin.is,
elias@baendahollin.is,
692-3554.

HUMBAUR

Kerrurnar
frábæru frá
Humbaur eru
til á lager!



Startrailer 1280
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 121.888 kr. án vsk.



Gerð 1376
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



Gerð 1374
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



Gerð 1384
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



Gerð 1339
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Gerð 2331
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Flatvagnar
Ýmsar stærðir og gerðir.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð frá: 512.000 kr. án vsk.,
en með skráningu.

Topplausnir

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

Mikill skákáhugi í Landakotsskóla



Árlegt skákmót Landakotsskóla var haldið þann 27. apríl síðastliðinn. Í ár tóku 56 nemendur þátt í mótinu. Verðlaunaafhending fór síðan fram þann 23. maí sl. á sal skólans. Á myndunum má sjá vinningshafana nema Styrmir Viggósson úr 4. bekk sem ekki er á myndinni. Mikill skákáhugi einkennir skólastarfið í Landakotsskóla.

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsdóttir



Kristín Ingólfsdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Ingi Þór tekur við KR

Ingi Þór Steinþórsson hefur verið ráðinn þjálfari KR í úrvalsdeild karla í körfuknattleik en þetta var tilkynnt á blaðamannafundi í höfuðstöðvum Alvogen á Íslandi. Hann tekur við liðinu af Finni Frey Stefánssyni sem hefur stýrt liðinu frá árinu 2013 en hann lét af störfum á dögunum.

Finnur stýrði KR-ingum til fimm Íslandsmeistararitla, á jafn mörgum árum en Inga Þór er ætlað að fylgja því góða gengi eftir. Hann gerði KR að Íslandsmeisturum árið 2000 en hann er uppalinn KR-ingur. Þá var hann aðstoðarþjálfari Benedikts Guðmundssonar þegar KR varð Íslandsmeistari 2009.

Ingi hefur stýrt bæði kvenna- og karlaliði Snæfells í Stykkishólmi frá árinu 2009 og gerði hann karlalið Snæfells að tvöföldum meisturum 2010. Þá gerði hann kvinnalið Snæfells að þreföldum



Ingi Þór Steinþórsson hefur verið ráðinn þjálfari KR.

Íslandsmeisturum á árunum 2014 til 2016.

Auk þess skrifaði bakvörðurinn Jón Arnór Stefánsson undir nýjan

samning hjá KR og samning við verðmætasta leikmann deildarinnar í fyrra Kristófer Acox var einnig endurnýjaður.

KR vann flesta Íslandsmeistararitla í borðtennis 2018

Á keppnistímabilinu 2017-2018 var keppt um 46 Íslandsmeistararitla í borðtennis. KR vann flesta titla allra félaga eða 15,5. Víkingur vann 10 titla og BH 9,5. KR vann 6,5 titla af 23 sem keppt var um í unglingsflokkum, 6 af 12 í fullorðinsflokkum og 3 af 11 í öldungaflokkum.

Ásta M. Urbancic og Eiríkur Logi Gunnarsson unnu flesta Íslandsmeistararitla KR-inga, fjóra hvort. Eiríkur vann alla fjóra titlana í sveinaflokki en Ásta vann þrjá titla í öldungaflokki og var í sigurliði KR í 1. deild kvenna.

Aldís Rún Lárusdóttir vann flesta Íslandsmeistararitla allra leikmanna í meistaraflokki, þrjá talsins, en Auður Tinna Aðalbjarnardóttir og Davíð Jónsson unnu tvo titla hvort í meistaraflokki.



Árgangamót knattspyrnudeildar

Árgangamót KR var haldið í lok apríl og heppnaðist þrýðilega. Mótstjórn var á hendi Sigurðar Helgason - Sigga Helga.

Mótinu lauk með sigri sameinaðs árgangs 81/82 sem sigraði 87/88 árganginn í úrslitum. Níu lið voru skráð til leiks og sáust fjölmörg glæsileg tilþrif. Tilþrif mótsins átti þó Jakob Lárusson.

Á myndinni má sjá árganginn sem vann mótið.



KR-SÍÐAN



RAFLÍNA

ALHLIÐA RAFVERKTAKAR

Tökum að okkur alla alhliða rafverktöku – Stór sem smá verk



Rúnar Kristjánsson
rafvirkjameistari

Sími 617 1111
runarfjeldsted@gmail.com



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

FYRIRTAK
málningarþjónusta

TRAUST
OG
ÁBYRG
ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI



LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

1X2

GETRAUNANÚMER
KR ER 107



Saman mótum við bankapjónustu fram tíðarinnar



Útibú okkar í Vesturbæ verður lokað tímabundið frá 25. júní á meðan við gerum breytingar til framtíðar. Við opnum aftur í haust.

Á meðan bendum við þér á útibúið í Borgartúni 18.

arionbanki.is